**Sveitarfélagið Langanesbyggð**
**Skipulags- umhverfisnefnd**

## Aðalskipulag Norðurþings

### Upplýsingar um málið

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 24. ágúst 2023 var lögð fram og samþykkt til kynningar skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030. Í skipulags- og matslýsingunni koma fram áherslur sveitarstjórnar við endurskoðunina, upplýsingar um forsendur, núverandi stefnu og væntanlegt skipulagsferli.
Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 1.mgr. 14.gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana er lýsingin kynnt fyrir hagsmunaaðilum og tækifæri gefið á að skila inn umsögnum eða athugasemdum. Skipulags- og matslýsingin er sett fram í greinargerð og verður til sýnis á bæjarskrifstofum Norðurþings á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

## Vinnslutillaga í kynningu

9.12.2024 - 9.02.2025

Á fundi sínum 5.11.2024 fól skipulags- og framkvæmdaráð skipulagsfulltrúa Norðurþings að hefja kynningu á skipulagstillögu á vinnslustigi í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Framlögð gögn eru greinargerð aðalskipulags, umhverfismatsskýrsla og aðalskipulagsuppdrættir. Ennfremur fylgja greinargerðir vegna umfjöllunar um landbúnaðarland og vegi í náttúru Íslands auk uppdrátta þeim fylgjandi.

***Hér fyrir neðan er hlekkur á gögn vegna málsins: (Ctrl + smella) til að opna tengilinn.***

Skipulagsgáttin